

## Mannauðsstefna Framhaldsskólans á Laugum

Forsenda góðs árangurs í skólastarfi er fjölhæft og traust starfsfólk þar sem allir vinna saman að heill og framgangi nemenda og skólans. Mannauðsstefna Framhaldsskólans á Laugum miðar að því að byggja upp sterka liðsheild þar sem fagmennska og samvinna spila lykilhlutverk. Starfsfólk Framhaldsskólans á Laugum vill að í skólanum ríki andi jafnræðis þar sem starfsfólk nýtur sín og vex í starfi og að í skólanum séu greið samskipti þar sem öllu starfsfólki finnst það vera mikilvægur hluti af heildinni. Það er sameiginleg ábyrgð allra að móta góðan vinnustað sem endurspeglar gildi skólans. Starfsfólk leggur sig fram um að starfa í anda einkunnarorða skólans sem eru metnaður, trúmennska, tillitssemi og glaðlyndi.

### Markmið mannauðsstefnu Framhaldsskólans á Laugum

#### Stjórnun:

Stjórnendur Framhaldsskólans á Laugum gegna lykilhlutverki við að efla traust, byggja upp hvetjandi starfsumhverfi og stuðla að góðri vinnustaðamenningu.

- Markmið skólastarfsins eru skýr.
- Gengið er á undan með góðu fordæmi.
- Ákvarðanataka varðandi starfsfólk er gagnsæ og í samræmi við góða stjórnarsýsluhætti.
- Starfsfólk nýtur virðingar og fær markvissa leiðsögn og styðjandi endurgjöf.
  - Endurgjöf til starfsfólks er regluleg og formleg en einnig óformleg eftir atvikum.

#### Ráðningar:

Hjá Framhaldsskólanum á Laugum er staðið löglega, málefnalega og faglega að ráðningum.

- Öll störf eru auglýst í samræmi við starfsmannalög.
  - Skýr starfslýsing og vel skilgreindar hæfniskröfur eru grundvöllur ráðninga.
- Ráðning byggist á hæfni umsækjenda.
- Jafnréttissjónarmiða er gætt við ráðningar.
- Nýtt starfsfólk fær kynningu á skólanámskrá og starfsháttum skólans og er tilbúið til að starfa í anda þeirra.

#### Móttaka og þjálfun nýliða:

Nýtt starfsfólk Framhaldsskólans á Laugum nýtur leiðsagnar og stuðnings.

- Vel er tekið á móti nýju starfsfólki og markvisst unnið að því að það verði sem fyrst virkir þátttakendur í starfsumhverfinu.
- Reynsluráðningartíminn er nýttur til að upplýsa og þjálfva starfsfólk og til gagnkvæmrar ígrundunar á starfi skólans.
  - Regluleg viðtöl nýliða og stjórnanda fara fram á reynsluráðningartíma.

#### Starfsþróun:

Litið er á starfsþróun sem virkan þátt í skólastarfi Framhaldsskólans á Laugum.

- Þess er gætt að starfsfólk geti vaxið í starfi.
- Hlutverk starfsfólks eru skýr og það fær hvatningu í starfi.
- Tryggt er að starfsfólks eigi kost á símenntun, bæði innan stofnunar og utan, til að auka þekkingu sína og faglega hæfni.
  - Það er jafnt á ábyrgð starfsfólks og stjórnenda að viðhalda og bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er starfsins vegna.

### **Starfsskilyrði:**

Í Framhaldsskólanum á Laugum hefur starfsfólk aðstöðu og aðbúnað til að sinna starfi sínu eins og til er ætlast.

- Lögð er áhersla á að bjóða starfsfólki góð launakjör, starfsskilyrði og starfsaðstöðu.
- Tryggt er að starfsumhverfið sé öruggt og heilsusamlegt.

### **Jafnrétti:**

Hjá Framhaldsskólanum á Laugum eru jafnréttissjónarmið í hávegum höfð.

- Allt starfsfólk er metið að eigin verðleikum, nýtur sömu tækifæra og réttinda í starfi.
- Tækifæri til framgangs í starfi ræðst af hæfni einstaklingsins en ekki af kynferði, aldri eða öðrum ómálefnalegum þáttum.

### **Upplýsingar og samskipti:**

Í Framhaldsskólanum á Laugum er lögð áhersla á jákvæð samskipti, tillitssemi, gleði og virðingu.

- Upplýsingar um starfsemi skólans eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.
  - Reglur, stefnur, áætlanir og námskrá skólans eru á heimasíðu hans.
- Boðleiðir og reglur eru skýrar.
- Starfsfólk skólans temur sér jákvæð, hreinskiptin og uppbyggjandi samskipti.
- Starfsfólk vinnur saman sem liðsheild að eflingu skólans.
- Gagnkvæm virðing ríkir milli alls starfsfólks skólans.
  - Starfsmenn bera virðingu fyrir störfum annarra.
- Starfsfólk hefur yfirsýn yfir skólastarfið og ber sjálft ábyrgð á að afla sér upplýsinga sem það varðar.
- Starfsfólki ber að fara eftir stjórnsýslulögum og siðareglum fagstétta sinna eins og þær eru hverju sinni.

### **Vellíðan:**

Framhaldsskólinn á Laugum er heilsuefandi framhaldsskóli og leggur áherslu á að styðja við andlega og líkamlega vellíðan starfsfólks.

- Umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan eru fyrir hendi.
  - Starfsfólk er hvatt til að huga að eigin heilsu og vellíðan.
- Einelti, áreitni og ofbeldi er ekki liðið í skólanum.
  - Starfsfólk og stjórnendur bera sameiginlega ábyrgð á að tilkynna hvers kyns áreitni sem það verður vitni að.
- Skólinn leggur sitt af mörkum til að styrkja jákvæðan starfsanda og félagslíf starfsfólks.
- Starfsfólki eru skapaðar aðstæður til að samræma kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er.
- Starfsfólki eru veittar leiðbeiningar og aðstoð til að vinna úr persónlegum vandamálum óski það eftir því.

### **Starfslok:**

Framhaldsskólinn á Laugum leggur áherslu á að starfsfólk hverfi frá störfum í sátt.

- Farið er að starfsmannalögum varðandi starfslok hver svo sem ástæða þeirra er.
- Starfsfólki er gert kleift að ljúka störfum á farsælan hátt, báðum aðilum til hagsbóta.